

**110. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
15. apríl 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Ása Katrín Bjarnadóttir varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1811123 - Deiliskipulag Skógarhverfi 3. áfangi**

Tillögur kynntar.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Árna Ólafssyni skipulagshönnuði fyrir kynninguna og felur honum að vinna áfram að skipulagi svæðisins, í samræmi við umræður á fundinum.*

**2. 1904143 - Deiliskipulag Skógarhverfi 2. áfangi breyting**

Tillaga að breytingu á Skógarhverfi 2. áfanga kynntar.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Árna Ólafssyni skipulagshönnuði fyrir kynninguna og felur honum að vinna áfram að skipulagi svæðisins, í samræmi við umræður á fundinum.*

**3. 1902123 - Deiliskipulag Miðvogslækjarsvæði - Þjóðvegur 13 og 13A breyting**

Breytingin felur í sér fjölgum lóðum, eftir breytingu verða á svæðinu 5 einbýlishúsalóðir og ein lóð undir geymslu/hesthús. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum á Borgarholti, Borgarholti 2 og Þjóðvegi Einhamri 3. Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 44. gr. sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Grenndarkynningin fór fram frá 5. mars til 2. apríl 2019, engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglysing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

**4. 1904135 - Fyrirspurn til skipulags- og umhverfisráðs**

Fyrirspurn frá hönnuðum á Asparskóum 15, 19 og 21, varðandi skipulagsskilmála.

*Erindið var kynnt og verður tekið fyrir að nýju á næsta fundi ráðsins*

**5. 1903262 - Fyrirspurn um sameiningu lóða við Þjóðbraut 9**

Fyrirspurn frá Festi hf./ N1 um sameiningu lóða við Þjóðbraut og Dalbraut.

*Erindi frá Festi fasteignir ehf, kynnt. Sviðsstjóra falið að vinna málið áfram.*

**6. 1903321 - Hleðslustöðvar**

*Skipulags- og umhverfisráð felur bæjarstjóra og sviðsstjóra að hefja viðræður við OR að kanna með möguleika á samkomulagi vegna uppbyggingar innviða fyrir rafbíla.*

**7. 1904130 - Gjaldskrá - gatnagerðargjöld**

Málið kynnt.

RS

**8. 1901196 - Sementsreitur - uppbygging**

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að halda eftir hluta sementsstromps til að marka fótspor þar sem strompurinn stóð. Ennfremur að hluti af brotum úr stropinum verði haldið til haga þ.a. íbúar geti sótt þau til minja um strompinn.

Að öðru leyti verði sett af stað hugmyndasamkeppni meðal íbúa um fótspor þess svæði sem strompurinn stóð á.

**9. 1904131 - Flóahverfi - uppbygging**

Rætt um uppbyggingu Flóahverfis.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:15.

Reagnur Sønundsson

Asa Katrin Þorlindottir

Olaug H. Ólafsson  
Sig. f.f.

Steðan Þór Sturluson

Seam Frey Þorlindson  
Haldur Sig. rit